

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1655  
komudagur 11.3.2003



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2003

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stórfamkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu, 208. mál.**

Samtök iðnaðarins (SI) lýsa yfir ánægju með tillögu til þingsályktunar um stórfamkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu. Telja SI brýnt að þau sjónarmið, sem viðruð eru í tillögunni, fái brautargengi. Það varðar ekki einungis framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, heldur almennt við forgangsröðun samgöngumannvirkja. SI hafa lengi verið þeirrar skoðunar að arðsemisjónarmið eigi öðru fremur að ráða forgangsröðun fjárfestinga á sviði samgangna.

Greiðar samgöngur, eru eins og fram kemur í greinargerð með ályktuninni, bæði brýnar frá umhverfis- og öryggissjónarmiðum. Þar að auki er mikilvægi samgangna gríðarlegt fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Greiðar samgöngur innan svæðis og á erlenda markaði eru forsenda fyrir eðlilegum samkeppnisskilyrðum.

Bættar samgöngur eru ætíð eftirsóknarverðar og því er mikilvægt að hrinda af stað undirbúningsvinnu á borð við þá sem getið er í tillögunni. Það mun leiða til heilbrigðari, eðlilegri og æskilegri forgangsröðunnar en tíðkast hefur.

SAMTÖK IÐNARÐINS

Árni Jóhannsson